

Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

Bæjarstjórn Garðabæjar leggur til að Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 verði breytt á eftirfarandi hátt.

Afmarkað er nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu (2.19 S) í tengslum við skolasvæði Sjálandsskóla (2.03 S). Opið svæði við Hraunholtslæk (2.09 Op) er minnkað og mörkum aðliggjandi ibúðarsvæðis (2.10 Ib) breytt litillega. Áformað er að á svæðinu verði reist skólabygging fyrir Alþjóðaskólan, sem starfræktur hefur verið í húsnæði Sjálandsskóla í 10 ár. Það er talið jákvætt fyrir báða skólanum að náið samstarf verði áfram og því æskilegt að framtíðarhúsnæði Alþjóðaskólans verði í næsta nágrenni við Sjálandsskóla.

Rammaskipulag fyrir Lyngássvæði og Hafnarfjardarveg var samþykkt i október 2017. Skipulagssvæði rammaskipulagsins er skilgreint sem þróunarsvæði A í aðalskipulagi. Breyting á opnu svæði við Hraunholtslæk er í samræmi við rammaskipulag en hefur ekki verið færð inn í aðalskipulag. Með aðalskipulagsbreytingu þessari er vikið frá stefnu rammaskipulagsins um að á svæðinu við Hraunholtslæk verði eingöngu ibúðarbyggd en gert ráð fyrir skolasvæði (samfélagsþjónustu) pessi í stað. Unnið verður deiliskipulag fyrir skolasvæðið samhlíða breytingu á deiliskipulagi Grunda í samræmi við breytta afmörkuð ibúðarsvæðis 2.10 Ib.

#### Breyting á skipulagsupprætti

- Nýtt svæði 2.19 S afmarkað.
- Opið svæði við Hraunholtslæk 2.09 Op er minnkað.
- Mörkum ibúðarsvæðis 2.10 Ib er breytt litillega. Breyting á flatarmáli svæðis er innan skekkjumarka.

#### Breytingar á greinargerð

EKKI eru gerðar breytingar á almennum texta greinargerðar.

- Ný lina fyrir svæði 2.19 S bætist í töflu í kafla 3.6 Samfélagsþjónusta (S).
- Flatarmáli svæðis 2.09 Op er breytt í töflu í kafla 3.15 Opin svæði (Op).

#### Gildandi skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.09 Op	1,7	Hraunholtslækur	Opið svæði meðfram Hraunholtslæk neðan Reykjanesbrautar. Deiliskipulag í gildi.	Mikilvægt garðsvæði meðfram Hraunholtslæk, nýtt til útvistar þar sem heimilt er að setja upp leiktæki, bekki o.s.frv. Tengist þróunarsvæðum 2.07 og 2.08

#### Breytt skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
2.19 S	0,7	Skolasvæði	Öbyggt.	Skóli. Hámarkshæð 2 hæðir, hámarkshyggingsmagn 1.600 m <sup>2</sup> . Uppbygging skv. deiliskipulagi.
2.09 Op	1	Hraunholtslækur	Opið svæði meðfram Hraunholtslæk neðan Reykjanesbrautar. Deiliskipulag í gildi.	Mikilvægt garðsvæði meðfram Hraunholtslæk, nýtt til útvistar þar sem heimilt er að setja upp leiktæki, bekki o.s.frv. Tengist þróunarsvæðum 2.07 og 2.08

Flatarmál landnotkunarreits 2.19 er brúttóflatarmál sem miðast við miðlinur aðliggjandi gatna. Í deiliskipulagi verður afmörkuð lóð fyrir samfélagsþjónustu innan reitsins.

#### Skýringar

PÉTTBÝLI	STOFNSTÍGAR
IBÚÐARBYGGD	TENGISTÍGAR
VERSLUN OG PJÓNUSTA	ÚTVISTARSTÍGAR
MÍBSVÆÐI	REIBBLEIDIR
SAMFÉLAGSPJÓNUSTA	MISLÆG GATNAMÓT
ATHAFNASVÆÐI	UNDIRGÖNG - GANGANDI VEGFARENÐUR
AFPREYINGAR- OG FERDAMANNASVÆÐI	UNDIRGÖNG - GANGANDI VEGFARENÐUR, ÖKUTÆKI
IBNADARSVÆÐI	BIDSTÓB BORGARLÍNU
HAFNARSVÆÐI	BORGARLÍNA
LANDBUNADARSVÆÐI	FRIÐLYSTAR MINJAR ÁSAMT HELGUNARSVÆÐI
ÍþRÓTTASVÆÐI	FRIÐLYST SVÆÐI (MED MÓRKUM)
KIRKJUGARDUR	HVERFISVERND VEGNA NÁTTÚRUMINJA
OPIN SVÆÐI	MINJAVAERN
ÓBYGÐ SVÆÐI	VATNSVERNDARSVÆÐI I, BRUNNSVÆÐI
AFMÓRKUN PROUNARSVÆÐA	VATNSVERNDARSVÆÐI II, GRANNSVÆÐI VATNSBÓLA
ÁR OG VÖTN	ÖRYGGISSVÆÐI VEGNA GRUNNVATNS
STOFNBRAUTIR OG HELGUNARSVÆÐI	GRÆNI TREFILLINN
TENGIBRAUTIR	HÁSPENNULINA MED HELGUNARSVÆÐI
ADRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR	HÁSPENNUSTRENGUR MED HELGUNARSVÆÐI

#### Áhrifamat

Breytingin felur ekki í sér heimildir til framkvæmda, sem liklegar eru til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Breytingin felur því ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Breytingin á ekki við meginatriði aðalskipulagsins.

Ávallt hefur verið gert ráð fyrir aukinni byggð við Ægisgrund í átt að Hraunholtslæk en í dag er svæðið óaðgengilegt og lítið notað. Í rammaskipulagi sem samþykkt var í október 2017 er gert ráð fyrir skerðingu á opna svæðinu við lækinn. Breytt mörk byggðar eru færð inn í aðalskipulag með breytingu þessari en í stað ibúðarbyggðar er gert ráð fyrir skolasvæði (samfélagsþjónustu). Unnið er að deiliskipulagsáætlunum, sem byggja á rammaskipulaginu og aðalskipulagsbreytingu þessari.

Með breytingunni verður svæðið við lækinn aðgengilegra en nú er en það er ekki nýtt sem útvistarsvæði í dag. Hluti þess verður skólalóð sem verður opin almenningu utan skólatima. Viss tækifæri felast í tengslum skólalóðar við opna svæðið við lækinn sem verður hluti af stóru opnu svæði sem nær frá strönd og skólalóð Sjálandsskóla upp að Hafnarfjardarvegi og bæjargarðinum. Í næsta nágrenni eru einnig útvistarsvæði við Arnarnesvog og íþróttasvæði við Ásgarð.


Sá hluti svæðis 2.09 Op, sem tekið verður undir byggð, er flatt graslendi með nokkrum trjám; ræktad land og raskað. Þar standa nokkrar skúrbýggingar úr timbri og bárujarni frá síðari hluta 20. aldar. Húsakönnun verður unnin samhlíða gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Vegna þeirrar reynslu, sem komin er á samstarf Alþjóðaskólans og Sjálandsskóla, hefur ekki verið leitað langt yfir skammt að lóð fyrir skólanum. Stutt er í almenningssamgöngur á Hafnarfjardarvegi (Borgarlinu veitanleg) og skólalóðinarr tengast með undirgöngum undir Vífilsstaðaveg. Skólinum stuðlar að aukinni breidd í skólastarf í Garðabæ og með nýju húsnæði fyrir starfsemina verður metnaðarfullt skólastarf þróað áfram. Svæðið sem breyting þessi nær til er því talið einkar vel til þess fallið að hýsa Alþjóðaskólanum.

Breyting á landnotkun á svæðinu styður m.a. við eftirkaka liði skólastefnu Garðabæjar, sem samþykkt var vorið 2014.


- Komið verði til móts við margbreytilegar þarfir nemenda með ólikum áherslum í starfi grunnskóla.
- Sveitarfélagið tryggi jafnraði meðal barna og ungmenna hvað varðar ytri umgjörð og aðbúnað skóla.
- Úrvall sjálfstætt rekinna og bæjarrekkinna leik- og grunnskóla sem og samreknir leik- og grunnskólar starfi í bænum. Skólanum hafi svigrúm til að marka sér sértöðu.
- Styðja ber sértaklega við nemendur af erlendum uppruna

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulagslag nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 20.02.2020

  
bæjarstjórið Garðabæ

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofum  
í samræmi við 32. gr. skipulagslag nr. 123/2010

þann 2. apríl 2020

  
Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórmartíðinda

## AÐALSKIPULAG GARÐABÆJAR 2016-2030

TEKNISTOFA  
ARKITEKTA

GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FELAGAR ehf.  
arkitektar fai

KAUÞANGI V/NÝ/SARVEG VEGMÚLA 2  
800 AKUREYRI  
SÍMI 461 5508  
NETTfang: ann@teka.is  
WEBSITE: www.teka.is

BREYTING 01  
Grundahverfi, nýtt svæði fyrir  
samfélagsþjónustu



Tækni- og umhverfissviði

Verk: 19-536 Dags: 11.11.2019

Mkv: 1:10.000 Blaðstærð: A3